

## Betri byggð á Kársnesi

Marbakkabraut 22  
200 Kópavogur  
www.karsnes.is  
karsnes@gmail.com

Kópavogi, 20. janúar 2009

Samvinnunefnd um Svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu  
Hamraborg 9  
200 Kópavogur

### Efni: Athugasemdir vegna auglýsingar: “Veruleg breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024, Kársnes - vesturhluti, Kópavogs”

Samtökin Betri byggð á Kársnesi (BBK) gera hér með athugasemdir við auglýsta breytingu á svæðisskipulagi og vísa í bréf samtakanna til nefndarinnar dags. 04.09.2008 og umsögn samtakanna til Kópavogsbæjar dags. 16.09.2008 (sjá viðhengi).

Athugasemdir samtakanna beinast að eftirfarandi:

- 1) **Landfyllingar:** Engar athuganir eða rannsóknir liggja fyrir um hugsanleg áhrif 13 ha. landfyllingar sem tillagan gerir ráð fyrir að bætist við núverandi fyllingar.
- 2) **Náttúruverndaráætlun og umhverfisákvæði gildandi Svæðisskipulags:** Tillagan er andstæð ákvæðum og markmiðum þessara áætlana.
- 3) **Valkostir:** Umfjöllun um valkosti er stórlega ábótavant í skipulagstillögunni.
- 4) **Lífsgæði íbúa:** Verði tillagan að veruleika mun tvöföldun umferðar um hverfið valda aukinni hljóðmengun, loftmengun og slyshættu.

## 1. ÓVISSA UM UMHVERFISÁHRIF LANDFYLLINGAR

Samtökin telja að hagsmunaaðilar geti með engu móti metið hugsanleg umhverfisáhrif hinna gríðarmiklu landfyllinga vegna skorts á gögnum og upplýsingum (sjá nánari rökstuðning í meðfylgjandi umsögn).

Í umhverfisskýrslu er vísað í athuganir sem hugmyndir eru uppi um að fari fram að hálfu Náttúrufræðistofu Kópavogsbæjar. Í fyrsta lagi er ekki nægjanlegt að slík athugun fari fram einhvern tíma í framtíðinni, heldur þarf hún að liggja fyrir **áður** en skipulagstillagan er auglýst til að íbúar og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og aðrir hagsmunaaðilar

geti tekið upplýsta afstöðu til tillögunnar. Í öðru lagi benda samtökin á mikilvægi þess að hlutlaus aðili meti umhverfisáhrif tillögunnar á lífríki Fossvogsins. Þó samtökin telji enga ástæðu til að draga fagmennsku Náttúrufræðistofu og heilindi starfsmanna hennar í efa, getur stofnunin með engu móti talist hlutlaus aðili.

## **2. TILLAGAN STRÍÐIR GEGN NÁTTÚRUVERNDARÁÆTLUN OG ÁKVÆÐUM GILDANDI SVÆÐISSKIPULAGS UM VERNDUN UMHVERFIS**

Auglýst skipulagstillaga stríðir gegn ákvæðum Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins hvað varðar verndun umhverfis. Í Svæðisskipulagi segir: “Viðkvæmum svæðum við ströndina, votlendi og landi meðfram ám og vötnum skal haldið sem mest ósnortnum.” Einnig segir orðrétt: “Ekki skal skipuleggja nýja byggð of nærri strandsvæðum sem talin eru mikilvæg fyrir fuglalíf, einkum vaðfugla.” Ennfremur er kveðið á um í Svæðisskipulagi að ekki skuli "skipuleggja nýja byggð á lágsvæðum við ströndina nema að undangenginni nákvæmri sérfræðilegri úttekt á aðstæðum." Sú umhverfisskýrsla sem lögð er fram samhliða skipulagstillögunni uppfyllir ekki þá kröfu að vera “nákvæm” úttekt sbr. umfjöllun í 3 tölulið í meðfylgjandi umsögn.

Samkvæmt Náttúruverndaráætlun 2004-2008 hefur verið ákveðið að vinna að friðlýsingu strandlengju Kársness. Auknar landfyllingar og skipulagning athafna- og íbúðasvæðis við strandlengju á Kársnesi samræmast ekki gildandi Náttúruverndaráætlun.

## **3. UMFJÖLLUN UM VALKOSTI ER STÓRLEGA ÁBÓTAVANT**

Í umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir valkostum sem Kópavogsbær segir í skýrslunni að sé “raunhæft” að bera saman. Samtökin telja umfjöllun um valkosti stórlega ábótavant og telja að leggja þurfi tillöguna fram að nýju þar sem fleiri valkostir eru teknir til umfjöllunar.

Í fyrsta lagi, er eðlileg krafa að Kópavogsbær geri grein fyrir því í skýrslunni hvaða svæði innan bæjarins, önnur en Kársnes, komi til greina fyrir uppbyggingu svo bærinn geti náð fram markmiðum sínum um fjölgun íbúða og atvinnuhúsnæðis. Slík greining gæti leitt í ljós að markmiðið gæti náðst án þess að til þurfi að koma sú mikla skerðing á lífsgæðum sem íbúum Kársness er ætlað að taka á sig.

Í öðru lagi fara samtökin fram á að sá valkostur að stækka höfn og hafnarsvæði verði felldur brott enda féllu bæjaryfirvöld formlega frá þeirri hugmynd eftir að tæplega 1700 athugasemdir bárust vegna þeirrar hugmynda í september 2007.

Í þriðja telja samtökin stórlega ámælisvert að þær hugmyndir sem komið hafa frá íbúum og samtökunum BBK á þeim tveimur árum sem liðin eru frá því að tillögurnar voru fyrst kynntar séu ekki settar fram sem valkostur í skýrslunni. Lög og reglugerðir um skipulagsmál gera ráð fyrir samráði og þátttöku íbúa og því er það eðlileg krafa að þær hugmyndir sem íbúar setja fram í því ferli séu settar fram sem valkostir og séu metnar á sama hátt og hugmyndir Kópavogsbæjar. Hér með er gerð krafa um að fjallað verði að lágmarki um eftirfarandi þrjá valkosti:

**Kostur D:** Engar frekari landfyllingar. Fallið verði frá hugmyndum um blandaða byggð og svæðið nýtt undir nýja íbúabyggð (og tengda þjónustu) sem taki mið af þeirri húsagerð sem fyrir er á Kársnesi og hafi það að markmiði að skerða ekki lífsgæði þeirra íbúa sem fyrir eru. Atvinnustarfsemi verði fundin hentugri staðsetning innan bæjarins, s.s. á lóðum bæjarins við Suðurlandsveg, sem á svæðisvísu væri í samræmi við áform Reykjavíkurborgar um uppbyggingu atvinnusvæðis Hólmsheiði.

**Kostur D+:** Sama og kostur D nema að hluti, t.d. helmingur, svæðisins verði nýttur undir útivistar- og afþreyingarsvæði fyrir Kópavogsbúa og höfuðborgarbúa alla.

**Kostur E:** Engar frekari landfyllingar. Fallið verði frá öllum hugmyndum um íbúða- og atvinnusvæði á vestanverðu Kársnesi og svæðið þess í stað eingöngu nýtt sem afþreyingar- og útivistarsvæði í bland við hverfislæga þjónustu, menningarstarfsemi og íþróttamannvirki.

#### **4. SKERT LÍFSGÆÐI ÍBÚA**

Sú aukna umferð til og frá hverfinu og innan þess sem tillagan hefði í för með sér verður meiri en hverfið þolir með góðu (sjá nánari umfjöllun í meðfylgjandi Umsögn). Umhverfisskýrsla gerir ekki nægjanlega grein fyrir aukinni slyshættu, mengun og hávaða né heldur er gerð nægjanleg grein fyrir aðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum umferðaraukningar.

Sérstök athygli er vakin á því að þau viðmiðunarmörk sem Kópavogsbær notar fyrir hávaðamengun í umferðarskýrslu eru 60 – 65 db(A) með tilvísan frávik frá í reglugerð frá 1999. Nú hefur hins vegar ný reglugerð tekið gildi (reglugerð um hávaða nr. 724/2008) og þar er skýrt kveðið á um að miða skuli við í 55 db(A). Endurvinnna þarf umferðarskýrslu vegna þessarar rangfærslu svo hægt sé að átta sig þeirri hávaðamengun sem tillagan kann að valda.

Jafnt innan Kópavogs og hjá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu eru byggingarsvæði þar sem hægt væri að byggja íbúðir og atvinnuhúsnæði án þess að valda sambærilegri skerðingu á lífsgæðum íbúa eins og fyrirhuguð tvöföldun íbúafjölda á Kársnesi hefði í för með sér.

----

Samtökin BBK beina þeim eindregnu tilmælum til Samvinnunefndarinnar að skipulagstillögunni verði hafnað á þeim forsendum sem tilgreindar eru hér að framan. Í því efnahagsástandi sem nú ríkir er mikið af óseldum íbúðum og atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu og nægt framboð mun verða af slíku húsnæði næstu árin. Ekkert knýr á um hraðaaufgreiðslu tillögunnar. Samtökin hvetja nefndina til að grandskoða áhrif auglýstrar skipulagstillögu og að heimila ekki að óathuguðu máli skipulagsbreytingar sem haft geta í för með sér alvarlegan og óafturkræfan skaða fyrir umhverfið og íbúa.

Virðingarfyllst,

f.h. samtakanna Betri byggð á Kársnesi

Arna Harðardóttir

formaður

Hjálagt: Umsögn íbúasamtakanna Betri byggð á Kársnesi vegna fyrirhugaðrar auglýsingar á breyttu svæðis- og aðalskipulagi fyrir vesturhluta Kársness dags. 16. september 2008